

ALMENNIR SKILMÁLAR UM RAFORKUSÖLU

1. gr.

Almennt gildissvið

Skilmálar þessir teljast samningur um raforkuviðskipti við Atlantsorku ehf., kt. 691220-1170, Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði („Atlantsorka“), í skilningi 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 og undirgengst viðskiptavinur samningsskilmálana með staðfestingu á viðskiptum með raforku. Atlantsorka selur raforku í samræmi við raforkulög nr. 65/2003, reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga og reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar.

Skilmálar þessir gilda um raforkuviðskiptin hvort sem viðskiptavinir Atlantsorku undirgangast þá með skriflegum samningi eða rafrænum hætti, eða með staðfestingu á viðskiptum, þ.m.t. með greiðslu á reikning fyrir raforku. Atlantsorka selur raforku á grundvelli skilmálanna, gildandi laga og reglugerða hverju sinni og fara kaup og sala á raforku fram á því heimilisfangi sem viðskiptavinur hefur tilkynnt dreifiveitu um við upphaf viðskiptasambands og/eða við tilkynningu um breytingu eða skráningu á nýju heimilisfangi samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar. Atlantsorka annast ekki framleiðslu, flutning eða dreifingu á raforku og fela skilmálar þessir hvorki í sér slíka þjónustu né ber Atlantsorka nokkra ábyrgð að því er slíka þætti varðar.

Atlantsorka áskilur sér fullan rétt til að hafna viðskiptavini áður en þjónusta er veitt. Er í því skyni og í tengslum við afgreiðslu umsókna heimilt að leita upplýsinga um viðskiptavin, svo sem með öflun upplýsinga frá Creditinfo. Heimilt er Atlantsorku að synja nýjum viðskiptavini um afhendingu á raforku með vísan til fyrri vanskila, fjárhagsstöðu eða ef notkun eða fyrirséð notkun viðskiptavinar er til þess fallin að torvelða fullar efndir Atlantsorku.

2. gr.

Samningstími

Samningur þessi er ótímabundinn nema um annað sé sérstaklega samið. Bæði Atlantsorku og viðskiptavini er heimilt að segja samningi þessum upp einhliða með þriggja vikna fyrirvara en að liðnum fresti tekur uppsögn gildi miðað við fyrsta dag þess mánaðar sem á eftir er. Þó er uppsagnarfrestur viðskiptavinar minnst 3 mánuðir ef árleg notkun viðskiptavinar er meiri en 0,5 GWst.

3. gr.

Verð og greiðsluskilmálar

Verð greiðist m.v. kr./kWst samkvæmt gildandi verðskrá á hverjum tíma sem birt er á vefsvæði Atlantsorku og greiðist mánaðarlega, enda sé ekki sérstaklega samið um annað. Verð greiðist samkvæmt áætlaðri orkunotkun viðskiptavinar og veitir viðskiptavinur Atlantsorku umboð til að afla upplýsinga um raforkunotkun viðskiptavinar frá hlutaðeigandi dreifiveitu til að áætla raforkunotkun viðskiptavinar. Umboðið nær til þess að afla allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að geta með góðu móti áætlað raforkunotkun, þ.m.t. upplýsingar um númer mælis(veitu), dreifiveitusvæði, heimilisfang, dreifiveitutaxta, áætlaða ársnotkun, meðalnotkun, síðasta álestur, mæliaðferðir, stöðu mælis, margföldunarstuðul og stafafjölda mælis. Í tilviki tímamældrar veitu eru notkunartölur afhentar allt að 24 mánuði aftur í tímann. Sé ekki mögulegt að áætla notkun viðskiptavinar með vísan til fyrri raforkunotkunar, t.a.m. vegna þess að um nýjan viðskiptavin er að ræða, skal Atlantsorku heimilt að áætla raforkunotkun með hliðsjón af sambærilegri notkun sambærilegra notenda.

Auk greiðslu fyrir verð á raforku ber viðskiptavinum að greiða þá skatta og þau gjöld sem Atlantsorka innheimtir á grundvelli gildandi laga hverju sinni, þ.m.t. virðisaukaskatt, auk greiðslugjalds vegna reikninga sem sendir eru til viðskiptavina sem birt er í verðskrá Atlantsorku.

Mánaðarleg gjöld samkvæmt þessari grein 3., skulu greidd samkvæmt útgefnum reikningi frá Atlantsorku fyrir notkun (samkvæmt áætlun) undangengins mánaðar með gjalddaga 26. hvers mánaðar og eindaga 2. hvers mánaðar. Heimilt er að gefa reikninga út með rafrænum hætti.

Verði reikningur ekki greiddur á eindaga reiknast dráttarvextir frá eindaga samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 til greiðsludags. Innheimtukostnaður fellur á viðskiptavin vegna vangoldinna innheimtra reikninga á grundvelli innheimtulaga nr. 95/2008, eða eftir atvikum þeim reglum sem gilda um löginheimtu, sbr. 24. gr. a. laga um lögmenn nr. 77/1998, eftir því sem við á.

Gjöld sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

4. gr.

Söluaðila- og notendaskipti

Viðskiptavinur sem þegar er í viðskiptum við annan söluaðila telst með því að undirgangast samning þennan viðhafa söluaðilaskipti. Um framkvæmd söluaðilaskipta og greiðslur við skipti á söluaðila raforku fer samkvæmt 9. kafla Netmála Landsnets hf. í skilmálum B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn.

Við búferlaflutninga eða skráningu á nýju heimilisfangi verða notendaskipti sem leiða til þess að tenging viðskiptavinar við raforkukerfi flyst yfir á nýtt heimilisfang. Við notendaskipti er Atlantsorku heimilt að endurskoða samþykki viðskiptavinar og hafna nýjum notkunarstað en að öðrum kosti raska notendaskipti ekki samningssambandi aðila. Viðskiptavinir bera sjálfir ábyrgð á rétttri skráningu og álestri gagnvart dreifiveitum svo sem í tengslum við notendaskipti eða flutningar.

Söluaðilaskipti fara fram á miðnætti við upphaf fyrsta dags hvers mánaðar. Ef beiðni um söluaðilaskipti berst áður en 21 dagur er eftir af mánuði koma þau til framkvæmda í mánaðarlok. Berist tilkynning síðast taka söluaðilaskipti gildi næstu mánaðamót þar á eftir.

Notendaskipti taka gildi þegar í stað.

5. gr.

Ábyrgðarreglur og bótaábyrgð

Atlantsorka ber aðeins ábyrgð á þjónustu sem það veitir samkvæmt 1. gr. skilmálanna og ber enga ábyrgð á skyldum flutningsfyrirtækja og dreifiveita samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003, svo sem í tengslum við uppsetningu, rekstur og viðhald mælibúnaðar, söfnun, staðfestingu og dreifingu mæligagna eða skömmtunar á raforku vegna umframeftirspurnar. Atlantsorku er heimilt, án ábyrgðar, að skerða afhendingu á raforku ef þörf er á til að bregðast við aðstæðum er varða orkuöflun, enda sé viðskiptavinum tilkynnt um slíka skerðingu.

Ábyrgð Atlantsorku á tjóni er í öllum tilfellum takmörkuð við beint tjón viðskiptavinar og ber Atlantsorka enga ábyrgð á óbeinu tjóni, afleiddu tjóni eða tjóni sem þriðji aðili kann að verða fyrir. Að því marki sem kostur er á skal ábyrgð Atlantsorku vegna mistaka, truflana eða tafa takmarkast við að lagfæra slíka annmarka.

Atlantsorka ber ekki ábyrgð á nokkru því tjóni sem leiða má frá óviðráðanlegum atvikum þ.m.t hvers lags *force majeure* (þ.m.t. náttúruhamfarir, styrjaldir, verkföll, orkuskortur o.fl.), atvikum sem varða viðskiptavininn, atvikum sem gerðust eftir að raforka var afhent eða atvikum sem Atlantsorka gat ekki með góðu móti séð fyrir eða ekki er með sanngirnri hægt að ætlast til að það hafi sér fyrir þegar viðskiptavinur undirgekk samning þennan.

Viðskiptavini ber í hvívetna að fara eftir og virða skilmála dreifiveitna og Landsnets hf. þ.m.t. gildandi Netmála Landsnets hf. hverju sinni. Að öðru leyti fer um ábyrgð viðskiptavinar svo og Atlantsorku eftir almennum reglum skaðabótaréttar og laga og reglugerða er varða raforkuþjónustu.

6. gr.

Riftun og stöðvun raforkuveitingar

Verði vanskil hjá viðskiptavini er Atlantsorku heimilt að stöðva raforkuafhendingu með því að beina skriflegri beiðni þess efnis til dreifiveitu að undangenginni viðvörðun sem send skal viðskiptavini með 30 daga fyrirvara.

Heimilt er Atlantsorku að rifta samningi þessum gagnvart viðskiptavini ef vanskil verða á reikningum sem gefnir hafa verið út fyrir raforku að undangenginni skriflegri viðvörðun þess efnis með 30 daga fyrirvara.

Sé bú viðskiptavinar tekið til gjaldþrotaskipta skal Atlantsorku heimilt að rifta samningi fyrirvaralaust.

Viðskiptavini er heimilt að rifta samningi ef Atlantsorka vanefnir skyldur sínar með verulega.

7. gr.

Breytingar

Atlantsorku skal heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða og taka breytingar gildi frá og með birtingu þeirra á vefsvæði Atlantsorku. Atlantsorka getur fyrirvaralaust gert breytingar á verðskrá eða öðrum kjörum, þjónustugjöldum eða hafið gjaldtöku fyrir áður gjaldfrálsa þjónustu.

8. gr.

Persónuvernd

Atlantsorku er nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar í tengslum við veitingu þjónustunnar samkvæmt skilmálum þessum og eftir atvikum sérskilmálum eða samningum sem Atlantsorka kann að gera við viðskiptavin.

Viðskiptavini ber m.a. að veita Atlantsorku upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili, símanúmer, netfang viðskiptavinar og/eða þeirra einstaklinga sem eru í forsvari fyrir viðskiptavin, sé um lögaðila að ræða. Viðskiptavinur ber ábyrgð á réttmæti þeirra persónuupplýsinga sem afhentar eru Atlantsorku vegna

viðskiptasambandsins og ber viðskiptavinur ábyrgð á að fylgja persónuverndarlögum við þá vinnslu, þ.m.t. tryggja lögmæti afhendingar persónuupplýsinga sem Atlantsorku eru afhentar vegna viðskiptasambandsins. Þá getur verið nauðsynlegt að afla eða miðla persónuupplýsingum um viðskiptavin til/frá þriðja aðila eins og Creditinfo Lánstrausti s.s. til að staðfesta fjárhagslegt hæfi viðskiptavinar í tilefni af stofnun viðskiptasambands eða beiðnar um reikningsviðskipti.

Öll vinnsla persónuupplýsinga er takmörkuð við þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna viðskiptasambandsins, til að gera ráðstafanir að beiðni viðskiptavinar áður en samningur er

gerður, til að uppfylla skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða lögum og reglum sem um Atlantsorku gilda eða vegna lögmætra hagsmuna félagsins.

Öll meðferð persónuupplýsinga fer fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglna settum samkvæmt þeim.

Persónuverndarstefna Atlantsorku er aðgengileg á vefsvæði Atlantsorku og telst hluti af skilmálum þessum

9. gr.
Varnarþing

Komi upp ágreiningur um efni samnings þessa eða efndir skal leysa þann ágreining fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

10. gr.
Annað

Sé eitthvert ákvæði í samningi þessum dæmt ógilt eða sé það að öðru leyti talið ganga lengra en lög heimila skal efni ákvæðisins og skilmálanna gilda að því marki sem lög heimila.

Gildandi lög og reglugerðir, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar reglur og gildandi skilmálar í raforkuviðskiptum skulu koma til fyllingar skilmálum þessum.

Óheimilt er viðskiptavini að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum og hafa samningar þess efnis engin réttaráhrif nema að undanfengnu samþykki Atlantsorku. Atlantsorku er heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til félags innan sömu samstæðu, tengds félags eða við sölu á rekstri eða rekstrareiningu Atlantsorku með því að tilkynna slíkt framsal á vefsvæði sínu.

Viðskiptavinur er skuldbundinn samkvæmt skilmálum þessum fram að þeim tíma sem hann eða Atlantsorka segir samningi um þjónustuna upp eða riftir samningi í samræmi við skilmála þessa.